

Nd.

391. Frumvarp til laga

[2. mál]

um Stjórnarráð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. marz.)

Samhljóða þskj. 2 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Stjórnarráð Íslands greinist í ráðuneyti, og skulu þau vera þessi:

Forsætisráðuneyti,
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti,
Félagsmálaráðuneyti,
Fjármálaráðuneyti,
Hagstofa Íslands,
Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneyti,
Iðnaðarráðuneyti,
Landbúnaðarráðuneyti,
Menntaráðuneyti,
Samgönguráðuneyti,
Sjávarútvegsráðuneyti,
Útanríkisráðuneyti og
Viðskiptaráðuneyti.

11. gr. hljóðar svo:

Ráðuneytisstjórar og Hagstofustjóri stýra ráðuneytum undir yfirstjórn ráðherra. Ríkisendurskoðandi stýrir Ríkisendurskoðun og hagsýslustjóri Fjárlaga- og hagsýslustofnun undir yfirstjórn fjármálaráðherra, sbr. 6. gr.

Ríkisendurskoðandi og hagsýslustjóri hafa lögkjör ráðuneytisstjóra, og taka ákvæði laga þessara um ráðuneytisstjóra jöfnum höndum til þeirra, eftir því sem við á.

Ráðuneytisstjóri Forsætisráðuneytis skal jafnframt því embætti sínu gegna störfum ritara Ríkisráðs Íslands.

Heimilt er forsætisráðherra að kveða á um, að ráðuneytisstjóri veiti fleiri en einu ráðuneyti forstöðu og að fleiri en eitt ráðuneyti hafi, eftir því sem við verður komið, sameiginlegt starfslið og húsnæði.

Slíka skipan sem í 5. mgr. greinir, getur forsætisráðherra afnumið, er nauðsyn krefur, og þá jafnframt ákveðið, hverju þeirra ráðuneyta, sem um er að tefla, ráðuneytisstjóri skuli áfram stýra.